



Framkvæmdafréttir 27. tbl. /05

Lausnir - Júlíus Valdimarsson

Viðhorfskönnun fyrir Vegagerðina Útdráttur úr skýrslu

Viðhorfskönnun þessi var gerð meðal verktaka og flutningsaðila sem stofnunin á samskipti við og fór hún fram í júlí og ágúst 2005. Hliðstæð könnun var gerð sumarið 2004 sem var nokkru umfangsmeiri, en þessu sinni voru valdar þær spurningar sem áhugavert þótti að spurja til þess að fá samanburð frá fyrri könnun.

Sem áður var byggt á opnum spurningum og þess gætt í byrjun að greina frá því að könnunin væri gerð í því skyni að Vegagerðin gæti komið betur til móts við viðskiptavinum sína og veitt þeim betri þjónustu. Talað var við samtals 50 aðila úr hópi verktaka og flutningsaðila og sneri könnunin að hinum ýmsu þáttum þjónustunnar.

Skýrslan er birt í heild á www.vegagerdin.is.

framhald í opnu

Auglýsingar útboða

Héðinsfjarðargöng 05-035 Forval

Vegagerðin auglýsir eftir þátttakendum í forvali vegna jarðganga milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar, ásamt byggingu tilheyrandi forskála og vega. Um er að ræða tvenn jarðgöng 3,7 km löng göng milli Siglufjarðar og Héðinsfjarðar og 6,9 km milli Héðinsfjarðar og Ólafsfjarðar, ásamt byggingu um 430 m langra steinsteypra vegskála og gerð um 3,3 km langra vega.

Helstu magntölur eru:

Gröftur jarðganga	580.000 m ³
Sprautusteypa	20.000 m ³
Steinsteypa	4.600 m ³
Gröftur á lausum jarðefnum	80.000 m ³
Forsprengingar að göngum	30.000 m ³
Fyllingar	460.000 m ³


Forvalsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 10. október 2005. Verð forvalsgagna er 8.000 kr.

Skila skal útfylltum forvalsgögnum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 13. desember 2005.


Einungis gögn sem hafa borist Vegagerðinni fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 13. desember 2005, eða eru sannanlega póstlögð fyrir þann tíma eru tekin gild.

Forvalið er einnig auglýst á evrópska efnahagssvæðinu.


1. Hvað finnst þér um vegakerfið á Íslandi?



2. Hver er reynsla þín af Vegagerðinni í sambandi við leyfisveitingar?



3. Hver er reynsla þín af merkingum á vegum?



Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 27. tbl. 13. árg. nr. 416 10. október 2005

Ritstjórn og umsjón útgáfu:
Viktor Arnar Ingólfsson
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:
Vegagerðin Framkvæmdafréttir Borgartúni 7 105 Reykjavík
(bréfsími 522 1109) eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

Samantekt

Skýrslan sem hér fer á eftir sýnir niðurstöður hvað varðar þær spurningar sem valdar voru frá fyrri könnun sumarið 2004. Skýrslan talar sjálf sínu máli, en hér á eftir fara nokkrar athugasemdir og ályktanir frá skýrsluhöfundu.


Flutningsaðilar

Þegar spurt er um vegakerfið á Íslandi kemur fram að óánægja hefur vaxið merkjanlega frá síðustu könnun og er áberandi að viðmælendur telja álag á vegunum orðið mun meira en áður og vegirnir fullnægi ekki þeim kröfum sem þarf að gera fyrir stóra og þunga bíla. Þá gætir sömuleiðis nokkuð meiri óánægju með merkingar á vegum m.a. sem tengjast viðgerðum eða breyttum aðstæðum á akstursleiðum. Einnig gætir sömu þróunar í sambandi við þjónustu við vegina en áberandi er að ástand mála er gjarnan talið vera mismunandi eftir svæðum. Nokkru færri en áður telja sig hafa þurft að kvarta yfir þjónustu eða samskiptum við Vegagerðina í hópi flutningsaðila en þeir eru fleiri en áður sem telja að viðbrögðum við kvörtunum sé áfátt.


Verktakar

Rúmir þrír fjórðu viðmælenda úr hópi verktaka eru ánægðir eða mjög ánægðir með samskipti sín við starfsmenn Vegagerðarinnar í útboðsverkum. Er þetta svipuð niðurstaða og í fyrri könnun. Þegar spurt er um reynslu af útboðsgögnum er einnig um svipada niðurstöðu að ræða en athugasemdirnar snúast einkum um tæknileg atriði og það þurfi að fylgjast betur með tímanum. Þó kemur fram að Vegagerðin standi sig betur en margir aðrir á þessu sviði og jafnframt að það gæti mismunandi vinnubragða eftir umdæmum. Þegar spurt er um gæðakröfur og úttektir í sambandi við verkframkvæmdir eru helstu athugasemdir sem áður að menn telja að misræmis gæti, þar sem gerðar séu mismunandi kröfur eftir því hvaða aðili á í hlut. Langflestir viðmælenda úr hópi verktaka, eða tæp 90% telja að Vegagerðin standi sig annað hvort framur eða jafnfætis öðrum verkkaupum og hefur það hlutfall vaxið nokkuð frá fyrri könnun. Meira var um það en áður að viðmælendur töldu sig hafa þurft að kvarta yfir þjónustu eða samskiptum við Vegagerðina vegna útboða. Könnun frá ágúst 2004 er sýnd með gráum lit og svörun er í svigum.


4. Hver er reynsla þín af þjónustu Vegagerðarinnar á vegakerfinu (snjómokstur, hálkuvannir, heflun, vinnustaðamerkingar á vinnsvæðum, málun)?




5a. Hefur þú þurft að kvarta yfir þjónustu eða samskiptum við Vegagerðina?




5b. Ef já: hver var reynsla þín af viðbrögðum við kvörtunum?




1. Hvernig er reynsla þín af samskiptum þínum við starfsmenn Vegagerðarinnar í útböðsverkum?




6. Hvernig er reynsla þín af símsvörun hjá fyrirtækinu?



2. Hver er reynsla þín af Vegagerðinni í sambandi við útböðsgögn?



framhald á baksíðu



Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar. Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
05-072 Héðinsfjarðargöng, eftirlit	06
05-050 Norðausturvegur (85) um Laxá hjá Laxamýri, vegtenging	06
05-064 Hringvegur (1), mislæg gatnamót við Nesbraut, eftirlit	05
05-066 Hringvegur (1), mislæg gatnamót við Nesbraut	05
05-063 Reykjanesbraut (41), breikkun, Strandarheiði - Njarðvík, eftirlit	05
05-047 Hringvegur (1), Arnórsstaðamúli	05
05-046 Veigastaðavegur (828), Hringvegur - Eyjafjarðarbraut eystri	05
05-044 Norðausturvegur (85), Arnarstaðir - Kópasker	05
05-041 Sólheimavegur (354), Eyvík - Sólheimar	05
05-039 Suðurstrandarvegur (427), vegtenging við Þorlákshöfn	05
05-038 Garðskagavegur (45) um Sandgerði	05
05-036 Nesvegur (425), Reykjanes - Staður	05
05-019 Efnisvinnsla á Norðvestursvæði 2005-2006, vesturhluti	05
05-003 Reykjanesbraut (41), Laugarnesvegur - Dalbraut (færsla Sæbrautar)	05
03-009 Reykjanesbraut (41), Fífuhammsvegur - Kaplakriki	05


Fyrirhuguð útboð frh.	Auglýst:	Opnað:
03-092 Reykjanesbraut (41), Fífuhammsvegur - Kaplakriki, eftirlit		05
05-054 Þverárfjallsvegur (744), Kallá - Sauðárkrúkur		05
04-006 Hringvegur um Norðurárdal í Skagafirði		05
04-072 Garðskagavegur (45) um Ósaboðna		05

Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
05-035 Héðinsfjarðargöng - forval	10.10.05	13.12.05
05-065 Göngubrú yfir Kópavogslæk	03.10.05	18.10.05
05-053 Vestfjarðavegur (60) um Svínadal	03.10.05	18.10.05
05-037 Krísvíkurvegur (42), Hraunhella - Hamranes	03.10.05	18.10.05
05-067 Djúpvvegur (61), Kjörseyri að Prestbakka	26.09.05	11.10.05
05-058 Reykjanesbraut (41), breikkun, Strandarheiði - Njarðvík	26.09.05	08.11.05


Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
05-042 Þingskálavegur (268), ræsi	29.08.05	13.09.05
05-062 Vestfjarðavegur (60) um Laxá og Naðurdalsá	05.09.05	20.09.05
05-060 Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur - Víkurvegur, eftirlit	29.08.05	13.09.05
05-056 Strandavegur (643), Illaholt - Blæja	22.08.05	06.09.05
05-034 Vestmannaeyjaferja 2006-2010	02.08.05	06.09.05
05-059 Heiðmerkurvegur (408), malbikun 2005	15.08.05	30.08.05

framhald af opnu


3. Hvað finnst þér um gæðakröfur og úttektir í sambandi við verkframkvæmdir?



4. Hvernig finnst þér frammistaða Vegagerðarinnar miðað við aðra verkkaupa?



5a. Hefur þú þurft að kvarta yfir þjónustu eða samskiptum við Vegagerðina vegna útboða?



5b. Hver var reynsla þín af viðbrögðum við kvörtunum?

